

LOKA3VE05

Kennari: Birta Sæmundsdóttir

Leiðbeinandi: Anna Bjarnadóttir

Verkmenntaskóli Austurlands

Vorönn 2023

Lokaverkefni

Fugladagatal 2024



Anna Móberg Herbertsdóttir

Inngangur

Verkefni þetta er lokaverkefni til stúdentsprófs af Náttúruvísindabraut við Verkmenntaskóla Austurlands árið 2023. Ég valdi að búa til dagatal vegna þess að ég vildi prófa að gera eitthvað öðruvísi frekar en að gera hefðbundið verkefni, eins og t.d. ritgerð. Dagatalið er með hefðbundnu sniði og fest saman með gorm.

Ég hef alltaf haft gaman af því að teikna, þó svo að ég geri ekki mikið að því og ég hef mikinn áhuga á náttúrufræði og þá sérstaklega dýrum. Ég ákvað þess vegna að teikna myndir á dagatalið og fannst tilvalið að teikna myndir af fuglum í dagatalið. Í dagatalinu er að finna tólf teikningar af fuglum og smá fróðleik um hvern þeirra. Fuglunum er raðað í dagatalið eftir því hvenær þeir eru staddir á Íslandi.

Ég hef alla mína ævi verið áhugasöm um dýr, en áhugi minn fyrir fuglum jókst mikið fyrir ári síðan. Í fyrra vor var ég í vistfræði áfanga í skólanum, þar sem við gerðum fuglaskoðunar verkefni. Verkefnið gekk út á það að fara í fuglaskoðanir, taka myndir af fuglum og greina þá. Þetta verkefni varð til þess að ég fór að lesa mig til um fugla og fór að fara sjálf í fuglaskoðanir.

Vinnan við þetta lokaverkefni var erfiðara en ég hafði búist við. Það var krefjandi að teikna fuglana. Ég þurfti að byrja mörgum sinnum upp á nýtt á sumum myndum, en ég hélt áfram þangað til ég var ánægð með allar tólf myndirnar. Það erfiðasta við verkefnið var öll vinnan sem þurfti að gera í tölvu. Ég notaði forritin Illustrator og Photoshop við gerð dagatalsins. Ég hafði aldrei áður notað þessi forrit né önnur sambærileg, þannig þetta var mjög krefjandi. Ég bjóst við því að þetta yrði auðveldara en þetta reyndist vera.


Anna Bjarnadóttir listgreinakennari var leiðbeinandinn minn fyrir lokaverkefnið. Henni vill ég þakka fyrir stuðninginn og hjálpina. Birtu Sæmundsdóttur vill ég þakka fyrir góða eftirfylgni, en hún er kennari áfangans.

Lokaverkefni

Þegar ég var búin að ákveða að gera þetta verkefni, byrjaði ég á því leggja formlega könnun fyrir vini mína og fjölskyldu og spurði þau hvaða fugla þau myndu helst vilja sjá í dagatalinu. Í könnuninni átti að velja tvo fugla úr flokkunum sex.


Landfuglar (veldu tvo)

18 svör




Máffuglar (veldu tvo)

18 svör




Spörfuglar (veldu tvo)

18 svör




Vaðfuglar (veldu tvo)

18 svör




Sjófuglar (veldu tvo)

18 svör



Vatnafuglar (veldu tvo)

18 svör



Þegar niðurstöður úr könnuninni lágu fyrir skrifaði ég niður á hvaða tíma ársins fuglarnir tólf sem urðu fyrir valinu, eru á Íslandi. Að því loknu var hægt að raða fuglunum í dagatalið eftir því hvenær þeir sjást helst á Íslandi.

Þá var komið að því að teikna, ég skoðaði myndir á netinu af fuglunum og byrjaði svo að prófa mig áfram. Stundum þurfti ég að byrja upp á nýtt, en ég hélt áfram þangað til ég var sátt með teikningarnar tólf. Teikningarnar gerði ég með blýanti og trélitum.



Þetta er dæmi um teikningu sem ég gerði af álft sem er fuglinn fyrir október mánuð.

Ég þurfti að leggja mig fram við að læra á forritið Illustrator, en ég hef aldrei fengið neina kennslu í því. Það hjálpaði mikið að horfa á Youtube kennslu myndbönd, en svo fékk ég einnig aðstoð frá mömmu minni og Önnu Bjarnadóttur kennara. Í Illustrator bjó ég dagatölin til, það krafðist mikillar þolinmæði að gera allt beint og fínt.

	S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12	
13	14	15	16	17	18	19	
20	21	22	23	24	25	26	
27	28	29	30	31			

31. Hrekkjavaka

Þetta er dæmi um dagatal sem ég gerði fyrir október mánuð.

Þegar átti að fara að skanna kom í ljós að á blöðunum var of mikið kám, Anna Bjarna kennari stakk þá upp á því að klippa myndirnar út og líma á nýtt blað. Það kom mjög vel út og þá var hægt að skanna teikningarnar inn í tölvuna.



Hér er búið að klippa álfina út og líma hana á nýtt blað.

Þegar teikningarnar voru komnar í tölvuna notaði ég Photoshop til þess að skerpa þær og klippa þær út. Í Photoshop setti ég teikningarnar og dagatölin sem ég gerði í Illustrator saman. Ég skreytti svo dagatalið með myndum af plöntum sem Photoshop býður upp á. Næst notaði ég bókina *Fuglavísir* eftir Jóhann Óla Hilmarsson, til þess að skrifa smá texta um hvern fugl, í Photoshop.



Dagatal október mánaðar



Fræðilegur texti um álfina

Að lokum bjó ég til forsíðu, bakhlið og stand fyrir dagatalið í Photoshop. Málin á standinum eru 160 mm x 350 mm en dagatalið er 160 mm x 130 mm. Áður en hægt var að senda dagatalið í prentun þurfti ég að vista skjölin á PDF X3 2003 formi. Dagatalið lét ég prenta út í Héraðsprint á Egilsstöðum.



Forsíða dagatalsins



Bakhlið dagatalsins

Hönnun: Anna Moberg Herbertsdóttir Zoëga
 Prentun: Hérðasprint

Fræðilegur texti fenginn var úr *Fuglavisir* e. Jóhann Óla Hilmarsson.
 Jóhann Óli Hilmarsson. (2021). *Íslenskur fuglavisir* (3. útgáfa).
 Reykjavík: Mál og menning

Janúar: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 38-39)	Júlí: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 122-123)
Febrúar: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 249-241)	Ágúst: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 189-181)
Mars: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 64-65)	September: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 168-169)
Apríl: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 44-45)	Óktober: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 134-135)
Mái: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 222-223)	Nóvember: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 208-209)
Júní: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 82-83)	Desember: (Jóhann Óli Hilmarsson, 2021, bls. 268-267)

Standurinn áður en hann er brotinn saman í þríhyrning.

Lokaorð

Dagatalið kom mjög vel út að mínu mati, í rauninni kom það betur út en ég hafði vonað. Ég lagði mjög mikla vinnu í þetta verkefni, ég eyddi miklum tíma í að teikna ennþá meiri tíma í að vinna í tölvunni. Í dag er tölvu kunnáttan mín mun betri heldur en þegar ég byrjaði að vinna verkefnið og ég er mjög þakklát fyrir það. Á heildina litið gekk vinnan ágætlega og ég naut ferlisins.

Eins og kom fram hér að ofan þá er útlit verkefnisins framar mínum vonum. Þegar ég byrjaði að vinna verkefnið hafði ég hugsað mér að smíða lítinn stand úr tré undir dagatalið, en því miður þurfti ég að hætta við það, þar sem ég hefði lítinn tíma og tréð hafði þurft að fá að þorna áður en hægt væri að nota það sem stand.

Ef ég væri að byrja á verkefninu núna, vitandi það sem ég veit í dag, þá hefði ég strax útvegað mér þurrkað tré fyrir standinn. Einnig hefði ég límt hvítu fuglana á svart blað, en ekki hvítt, svo það væri auðveldara að klippa þá út í Photoshop.

Í lokin lenti ég í smá vandræðum við prentunina. Ég ætlaði að fara með það í prentun mánudaginn 24. apríl, en þá kom í ljós að sumir mánuðir hefðu ekki vistast á réttan hátt. Ég lagaði það og sendi það í prent daginn eftir. Fimmtudaginn 27. apríl sendi Birta á mig lista með leiðréttingum fyrir verkefnið, ég hringdi beint í Héraðsprent og sem betur fer höfðu þau ekki hafið prentun. Ég leiðrétti það sem þurfti að leiðrétta og þá var loksins hægt að prenta dagatalið út.

Heimildir

Jóhann Óli Hilmarsson. (2021). *Íslenskur fuglavísir* (3. Útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.